

Á stjórnarfundum í Styrktarfélagi vangefinna á Akureyri þriðjudaginn 31. okt. 1967 var framanskráð skipulagsskrá samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Akureyri, 1. nóvember 1967.

Í stjórn Styrktarfélags vangefinna á Akureyri:

Jóhannes Óli Sæmundsson, form. Jón Ingimarsson ritari. Albert Sölvason, gjaldkeri.

Jóhann Þorkelsson, meðstj. Níels Hansson, meðstj.

REGLUR

um styrkveitingar til iðnaðarmanna vegna framhaldsnáms erlendis.

Menntamálaráðuneytið veitir styrki til iðnaðarmanna, sem stunda framhaldsnám erlendis, eftir því sem fé er veitt í þessu skyni í fjárlögum ár hvert.

Fjárhæð styrkja hverju sinni fer m. a. eftir fjárveitingu og fjölda umsækjenda.

Styrkir verða fyrst og fremst veittir þeim, sem ekki eiga kost á styrkjum eða námslánnum úr lánasjóði ísl. námsmanna eða öðrum sambærilegum styrkjum og/eða lánnum. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita viðbótarstyrki til þeirra, er stunda viðurkennt tækninám, ef fé er fyrir hendi.

Styrkir eru eingöngu veittir til náms erlendis, sem ekki er unnt að stunda hér á landi. Skal námið stundað við viðurkennda fræðslustofnun og eigi standa yfir skemur en tvo mánuði, nema um sé að ræða námsferð, sem ráðuneytið telur hafa sérstaka þýðingu.

Styrkir greiðast ekki fyrr en skilað hefur verið vottorði frá hlutaðeigandi fræðslustofnun um að nám sé hafið.

Umsóknir skulu vera á eyðublöðum, sem menntamálaráðuneytið lætur gera.

Styrkveiting fer fram einu sinni á ári, og auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum.

Með umsókn skal fylgja vottorð iðnfræðsluráðs um að nám það, sem um er að ræða, sé eigi unnt að stunda á Íslandi.

Ráðuneytið leitar tillagna iðnfræðsluráðs áður en styrkir eru veittir samkvæmt reglum þessum.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.